

## Könnun á matarverði

Veritabus kannaði verð í síðustu viku hjá Krónunni, Nettó, Hagkaupum og Heimkaupum.

### I. Meðalhækkun á verði einstakra verslana

Á grunni könnunar ASÍ sem var framkvæmd í september 2021 var meðalhækkun 101 vara reiknuð í einstökum verslunum. Þróun vísitalna einstakra verslana er sýnd hér að neðan:

Verslanir	Vísitala	Óvissa
Krónan	5.7%	1.5%
Nettó	7.3%	2.6%
Hagkaup	5.5%	2.8%
Heimkaup	16.5%	3.6%

Eins og sést í töflunni hefur Heimkaup hækkað mest af þessum fjórum verslunum og er meðalverð Heimkaupar nú orðið hærra en hjá það hjá Hagkaup. Þá er Krónan ódýrust af þessum verslunum.

Verslanir	Meðalverð	Miðgildi verðs
Krónan	477	389
Nettó	499	399
Nettó app	489	391
Hagkaup	563	449
Heimkaup	531	414

Meðalverð og miðgildi verðs í september 2021

Verslanir	Meðalverð	Miðgildi verðs	Miðgildis-hækkun
Krónan	514	399	2.6%
Nettó	555	429	7.5%
Nettó app	544	420	7.5%
Hagkaup	571	449	0.0%
Heimkaup	615	478	15.5%

Meðalverð og miðgildi verðs í lok maí 2022

Eins og sjá má á töflunum hér að ofan hefur Heimkaup hækkað verð sitt talsvert undanfarna mánuði. Þá hefur Hagkaup hækkað vörur sínar minnst af þessum fjórum verslunum.

### II. Verðsamanburður við útlönd

Veritabus kannaði verð hjá Tesco í Bretlandi og ICA í Svíþjóð til að bera saman verð hér á Íslandi og úti. Gerð var körfukanna þar sem notaðar voru vörur sem meðalfjölskylda hér á

landi mundi kaupa til að endast þeim út vikuna og voru vörurnar sem fyrir valinu urðu 35 talsins.

<b>Verslanir</b>	<b>Verð körfu</b>
Krónan	23.335 kr.
Nettó	25.109 kr.
Nettó app	24.607 kr.
Hagkaup	25.028 kr.
Heimkaup	27.427 kr.
Tesco	15.229 kr.
ICA	20.822 kr.
Franprix	18.663 kr.

Samkvæmt körfukönnuninni var karfan í Krónuninni (Sú verslun sem hafði ódýrasta verðið í könnuninni á Íslandi) 53% dýrari en hjá Tesco í Bretlandi, 12% dýrari en ICA í Svíþjóð og 25% dýrari en hjá Franprix í Frakklandi.)

### **III. Um Veritabus og verðkönnunina**

*Veritabus er systurfélag Arev verðbréfafyrirtækis. Allar verðkannanir Veritabus auk annarra opinberra verðkannana er að finna á vef Veritabus fyrir áskrifendur.*

*Kannaðir voru 101 vöruliðir í íslensku verðkönnuninni sem voru til í öllum verslunum. Í körfukönnuninni voru samtals 53 vörur og 35 einstakar söluvörur. Könnunin fór fram í síðustu viku í verslunum og á netinu. Í verslunum var verð lesið af hillumiðum.*

*Verð var upprunalega kannað á netinu, en ef eitthvað var óljóst eða vara fannst ekki á netinu var verð verslunar kannað sérstaklega.*